

145. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
4. 10. 2023 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Sindri Örn Elvarsson

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ingunn Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Sindri Örn Elvarsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Bjarni Guðmundsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Kristín Vala Þrastardóttir var gestur á fundinum

Fjarverandi: Lind Völundardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Kristján Sigurður Guðnason, Lilja Jóhannesdóttir.

Byggðarþróun á Suðausturlandi : Hlutverk byggðarþróunarfulltrúa og áherslur svæðisins

Kristín Vala kynnti hlutverk byggðarþróunarfulltrúa sem hún og Hugrún Harpa sinna nú í tengslum við endurnýjaðan samning NP og SASS.

Rætt var um áherslur á sviði byggðarþróunar í Sveitarfélaginu Hornafirði en í lok árs verður unnin starfsáætlun fyrir starf byggðarþróunarfulltrúa fyrir árið 2024. Stjórn lagði áherslu á að rýnt verði hvaða verkefni eru nú þegar í gangi á svæðinu og hvernig megi styðja við þau. Þá var sérstaklega rætt um mikilvægi þess að auka tækifæri íbúa til menntunar og fræðslu. Einnig var rætt um mikilvægi þess að vinna að aðgengi og inngildingum allra íbúa.

Starfsáætlun byggðarþróunarfulltrúa verður unnin samhliða starfsáætlun Nýheima þekkingarseturs og stjórn mun fá báðar áætlanirnar til umfjöllunar.

Önnur mál

Hugrún Harpa sagði frá stöðu mála varðandi endurnýjun samnings við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (HVIN). Greindi hún frá því að hún hefur fundað með starfshópi sem vinnur að samningagerð innan HVIN og sent inn umbeðin gögn.

Fundi slitið 9:05

Hugrún Harpa Reynisd.

Sindri Örn Elvarsson